

## Fundargerð 428

Mánudaginn 18. maí 2015 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1 á Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Sæmundardóttir formaður, Ásthildur Sturludóttir, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Árni Ragnarsson sérfræðingur (við dagskrárlið 8), Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 3-6), Pétur Grétarsson lánasérfræðingur (við dagskrárlið 7), Sigríður K. Þorgrímsdóttir sérfræðingur (við dagskrárlið 8), Sigríður Elín Þórðardóttir sérfræðingur (við dagskrárlið 8), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigríður Jóhannesdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 10:00 og lá eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015
3. Staða lánasafns Byggðastofnunar 31.03.2015
4. Lán til landbúnaðar – breyting skilyrða
5. Veiting styrkja til meistaranema
6. Fundargerðir lánanefndar
  - a. ...
  - b. ...
7. Hlutabréfasafn Byggðastofnunar – kynning
8. Kynning erlendra samstarfsáætlana
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 427 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015

AP fór yfir rekstur fyrstu fjögurra mánaða ársins og skýrði frá áætlun.

SBS og EGK fóru yfir verkefni á sínum sviðum.

HÁ fór yfir rekstur fullnustueigna. Rætt var sérstaklega um Vatneyri vélsmiðju á Patreksfirði og hugmyndir um mögulegar úrbætur og framkvæmdir við þá eign. Eftir er að kostnaðargreina þær áður en hægt er að taka ákvörðun um framhaldið.

### 3. Staða lánasafns Byggðastofnunar 31.03.2015

EGK fór yfir stöðu lánasafnsins í lok mars 2015, vanskil, sundurliðun eftir atvinnugreinum og dreifingu lánasafnsins.

#### 4. Lán til landbúnaðar – breyting skilyrða

AP fór yfir minnisblað um útvíkkun á núverandi lánaflökki til landbúnaðar.

Lagt er til við stjórn að lánaflokkur sem hefur verið einskorðaður við jarðakaup og nýliðun í landbúnaði verði útvíkkaður og einnig veitt lán með sömu kjörum til að bæta húsa- og tækjakost á sauðfjár- og kúabúum. Önnur skilyrði og kjör verði óbreytt.

Samþykkt samhljóða.

#### 5. Veiting styrkja til meistaranema

SBS og AP fóru yfir tillögur til styrkja til meistaranema.

Stjórn Byggðastofnunar ákvað á fundi sínum þann 13. febrúar síðastliðinn að veita allt að 4 styrki til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðamála, 250 þ.kr. hvern styrk. Styrkirnir koma af fjárveitingu byggðaáætlunar 2014-2017 og skulu verkefni sem sótt er um styrk til hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðaáætlunar. Samið var við stjórn Byggðarannsóknarsjóðs um að yfirfara umsóknir og raða þeim í forgangsörð. Auglýsing um styrkina birtist þann 28. mars sl. og rann umsóknafrestur út á miðnætti 19. apríl. Alls bárust 11 umsóknir. Stjórn Byggðarannsóknarsjóðs leggur til að veittir verði styrkir til eftirtalinnna verkefna:

*Feasibility of Ocean Heat Extraction in Subarctic Ocean; Case Study Önundarfjörður* (hagkvæmniathugun á notkun sjóvarmadælu til orkugjafar í Önundarfirði). Umsækjandi er Majid Eskafi, meistaranemi við Háskólasetur Vestfjarða.

*Viðmót og þolmörk samfélags gagnvart ferðaþjónustu í þéttbýli.* Umsækjandi er Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, meistaranemi við Háskólann á Hólum.

*Eldri íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum: Athafnir, þátttaka og viðhorf til þjónustu.* Umsækjandi er Margrét Brynjólfssdóttir, meistaranemi við Háskólann á Akureyri.

Samþykkt að hvert verkefnanna þriggja verði styrkt með kr. 250.000,-

#### 6. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 10/15, 8. apríl 2015*

AP fór yfir fundargerðina.

*Fundargerð lánanefndar nr. 11/15, 15. apríl 2015*

AP og HÁ fóru yfir fundargerðin

...

*Fundargerð lánanefndar nr. 12/15, 28. apríl 2015*

AP og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

...

*Fundargerð lánanefndar nr. 13/15, 6. maí 2015*  
AÐ fór yfir fundargerðina.

*Fundargerð lánanefndar nr. 14/15, 15. maí 2015*  
AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

...

Fundi frestað kl. 12:13 og framhaldið kl. 12:45

### **7. Hlutabréfasafn Byggðastofnunar – kynning**

PG kom á fundinn og kynnti fyrir stjórn hlutabréfasafn stofnunarinnar og fór yfir stærstu eignarhluti stofnunarinnar.

Lagt til að hlutir í eignahaldsfélögum verði undanskildir í fyrirhugaðri auglýsingu á hlutabréfum stofnunarinnar.

Samþykkt samhljóða.

PG vék af fundi.

### **8. Kynning erlendra samstarfsáætlana**

ÁR, SEÐ og SKÐ komu á fundinn.

SEÐ kynnti NPA (Northern Periphery and Arctic 2014-2020) - Norðurslóðaáætlunin 2014-2020.

SKÐ kynnti NORA (Norrønt Atlantssamstarv) - Norræna Atlantssamstarfið.

ÁR kynnti ESPON (European Observation Network on Territorial Development and Cohesion) - Evrópskt netverk fyrir rannsóknir á byggðapróun og aðlögun.

ÁR, SEÐ og SKÐ viku af fundi.

### **9. Önnur mál**

*Skipting stöðugilda ríkisins eftir sveitarfélögum*

SBS kynnti greiningu á skiptingu stöðugilda á vegum ríkisins eftir sveitarfélögum. Greiningin verður sett á heimasíðu stofnunarinnar á næstu dögum.

*Orkukostnaður heimila*

SBS fór yfir útreikning á orkukostnaði heimila á nokkrum þéttbýlisstöðum og nokkrum stöðum í dreifbýli. Greiningin verður sett á heimasíðu stofnunarinnar á næstu dögum.

*Fundur með ráðherra*

Formaður og forstjóri sögðu frá fundi sem þau hefðu átt með ráðherra. Þar var rætt um Brothættar byggðir, sóknaráætlanir landshluta, aflamark, lán til landbúnaðarins og húsnæðismál stofnunarinnar.

**10. Næsti fundur**

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 23. júní á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:15

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____